

Tillaga	A 1985/PRE
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

A 1985/PRE þingmannatillaga um norrænt samstarf í ESB

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

- að hlutast til um að samstarfsráðherrar Norðurlanda eigi fund með norrænu ráðherrunum sem hafa með höndum Evrópumál svo að þeir geti leyst úr hvernig Norðurlönd eigi að taka forystu um sameiginleg hagsmunamál á sviði ESB-mála í aðdraganda næstu ESB-kosninga og árlega eftir það.
- að hlutast til um að einstaka norræn lönd láti hin vita snemma af áformum um nýja löggjöf sem hefur áhrif á norrænt samstarf.
- að sjá til þess að ýmiss konar tengingar við innri markaðinn og Schengensamstarfið, bæði nú og síðar, valdi eins lítið og kostur er stjórnsýsluhindrunum.

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

- að afla stuðnings við þau málefni Framtíðarsýnarinnar 2030 sem eiga að hafa áhrif á væntanlega stefnu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 2024–2029 og
- að kveðja saman viðkomandi embættismenn á Norðurlöndum til að fjalla um greinargerðir með lagafrumvörpum og aðgerðum ESB og auk þess innleiðingu á meiriháttar löggjöf þegar við á til að forðast stjórnsýsluhindranir og tryggja að norrænir borgarar og fyrirtæki geti lifað og unnið þvert á landamærin.

Flokkahópur miðjumanna leggur eftirfarandi til leggur til að Norðurlandaráð ákveði

- að senda stofnunum ESB athugasemdir þegar við á, bæði á vettvangi opinbers samráðs og annars staðar sem henta þykir.

Bakgrunnur

Flokkahópur miðjumanna hefur ávallt talað fyrir því að Norðurlönd haldi sameiginlega á lofti og verji norræn gildi á vettvangi ESB. Norrænu löndin eiga að taka höndum saman til að standa vörð um norræna hagsmuni og leitast við að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru hjá ESB. Til dæmis er það undirstöðuatriði fyrir lönd okkar að standa vörð um frjálsa för innan Norðurlanda.



Þótt staða norrænu landanna gagnvart Evrópusambandinu sé mismunandi hafa lög og ákvarðanir þess mikil áhrif á löndin. Ekki síst hefur innri markaðurinn í Evrópu grundvallarþýðingu fyrir atvinnulíf og vinnumarkað á Norðurlöndum. Þegar kemur að stöðlun, fjárfestingum, viðbúnaðarmálum og ekki síst loftslagsmálum leikur ESB jafnframt lykilhlutverk.

Eigi norrænt samstarf að halda gildi sínu verður það að taka mið af ESB og áhrifum þess á innri málefni Norðurlanda. Efla verður norrænt samstarf í tengslum við ESB-tengd málefni. Ef Norðurlönd stilltu betur saman strengi kæmi það Evrópusambandinu í heild sinni til góða og myndi efla samkeppnishæfni Evrópu og styrkja stöðu álfunnar á alþjóðavísu.

Ríkisstjórn Finnlands tók nýlega ákvörðun um að vinna með forvirkari hætti að ESB-tengdum málefnum. Unnin hefur verið forgangsriðun fyrir næstu starfsáætlun framkvæmdastjórnar ESB og áhersla er lögð á samstarf við lönd sem hafa svipaða hagsmuni. Með þessu gefst einnig kostur á forvirkara samstarfi á milli norrænu landanna. Í langtímaáætlun Norðurlanda, Framtíðarsýn okkar 2030, kemur skýrt fram á hvaða sviðum löndin telja sig hafa hagsmuni af því að vinna saman. Því ætti Norræna ráðherranefndin að hafa frumkvæði að því að skoða í hvaða málefnum norrænu löndin ættu að beita sér á vettvangi Evrópusambandsins.

Á vettvangi norrænu þjóðþinganna ætti að halda áfram samráðsfundum á milli fagnefnda landanna og ESB-nefndanna, einkum í tengslum við ESB-tengd málefni og mál sem varða löndin þvert á landamæri. Koma þarf upp verklagi varðandi það með hvaða hætti skuli tekið tillit til Norðurlanda eða norræns áhrifamats í því efni sem norrænu þjóðþingin fá frá ríkisstjórnnum sínum vegna löggjafarstarfsins.

Jafnframt þarf Norðurlandaráð að halda í möguleikann á að hafa áhrif á löggjafarstarf Evrópuþingsins þegar almenn samstaða er um það. Norðurlandaráð þarf því að halda sæti sínu í gagnsæisskrá Evrópusambandsins.

Undanfarin kjörtímabil hafa norrænir þingmenn á Evrópuþinginu leitast við að standa vörð um norræna hagsmuni í tengslum við skógrækt og landbúnað, fiskveiðar, málefni norðurslóða, siglingar, græn umskipti og One Health að ógleymdu sýklalyfjaónæmi. Nú þurfa Norðurlönd að vinna að því í sameiningu að komast í lykilstöður fyrir næsta kjörtímabil þegar formenn og talsmenn verða skipaðir.

Í umræðum um endurnýjun Helsingforssamningsins hefur hinar upprunalegu hugmyndir um norrænt samstarf, þar á meðal um löggjafarsamstarfið, borið á góma. Eitt af því sem norrænt samstarf snerist upphaflega um var samstarf í tengslum við gerð lagatexta. Það samstarf hefur veikst töluvert í gegnum árin eins og Inge Lorange Backer benti á í skýrslu sinni árið 2018, Eflt norrænt löggjafarsamstarf – tækifæri og áskoranir. Samkvæmt skýrslunni er ekkert sem stendur í vegi fyrir norrænu samstarfi í tengslum við löggjafarstarf ESB svo lengi sem einstök lög stangast ekki á við löggjöf ESB.

Að mati flokkahóps miðjumanna þarf að endurvekja norrænt löggjafarsamstarf, einkum þegar kemur að for- og eftirvinnu vegna nýrrar ESB-löggjafar. Kjósi löndin að fara ólíkar leiðir við innleiðingu ESB-löggjafar getur það komið niður á forsendum almennings til



Þess að lifa við sömu skilyrði í öllum norrænu löndunum, svo ekki sé minnst á forsendur fyrirtækja til reksturs í fleiri en einu norrænu landi. Norrænu löndin hafa allt að vinna með því að vinna saman eins vel og hægt er, bæði við setningu og innleiðingu ESB-löggjafar.

Að mati flokkahóps miðjumanna eiga Norðurlönd að nýta sér þann meðbyr sem norræn gildi og sjónarmið hafa. Aðild Finnlands og Svíþjóðar að NATO styrkir samstarfið á milli norrænu landanna og gerir kleift að vinna frekar að viðbúnaðarmálum og í ljósi stöðu mála í heiminum og stríðsins og Úkraínu skiptir sjálfsnægtarstig svæðisins enn meira máli en áður. Norrænu löndin búa yfir einstökum auðlindum sem eru mikilvægar fyrir grænu umskiptin en vegna íbúafjölda hvers og eins þeirra standa þau höllum fæti gagnvart stærstu löndum álfunnar. Saman geta Norðurlönd þó staðið styrkum fótum jafnt í lýðræðislegu sem efnahagslegu tilliti. Norrænu löndin verða að tryggja samkeppnishæfni Norðurlanda með því að efla sameiginlega styrkleika sína og ýta undir fjárfestingar sem halda Norðurlöndum í fararbroddi.

Stokkhólmi 5. febrúar 2024

Hanna Katrín Friðriksson (V)

Heidi Greni (Sp)

Jouni Ovaska (cent)

Anna Starbrink (L)

Kathrine Kleveland (Sp)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (F)

Catarina Deremar (C)

Jeppe Søe (M)

Ola Elvestuen (V)

Krista Mikkonen (gröna)

Emma Berginger (MP)

Anna Falkenberg (Sb)

Guðmundur Ingi Kristinsson (FF)

Kjerstin Wøyer Funderud (Sp)

Johan Dahl (Sb)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Sandra Listerby (Lib)

Hans Christian Schmidt (V)

Markku Siponen (cent)

Lars-Christian Brask (LA)

Liz Mattsson (C)